

SÉRTÆK STARFSSKILYRÐI

fyrir starfsemi þar sem viðhafa skal sérstakt hreinlæti og smitgát

samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti og 5. gr. reglugerðar nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

1 Gildissvið

Starfsskilyrði þessi gilda fyrir starfsemi þar sem starfsfólk, tæki, búnaður eða áhöld geta komist í snertingu við notendur eða viðskiptavini og viðhafa skal sérstakt hreinlæti og smitgát vegna hollustuhátta, svo sem hársnyrtistofur, nuddstofur og sólbaðsstofur. Jafnframt gilda almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi fyrir ofangreinda starfsemi.

Komi fram ósamræmi milli starfsskilyrða þessara og þeirra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, þá ganga lög og reglugerðir framur starfsskilyrðum.

2 Aðstaða

Í vinnurými skal vera handþvottaaðstaða með handlaug, fljótandi handsápu, gerileyði og einnota handþurrkum eða sambærilegu. Á nuddstofum skal vera gott aðgengi að handlaug í eða við vinnurými. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur vegna smitgátar, svo sem um handfrjálсан búnað.¹

Nauðsynleg aðstaða og búnaður skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum, svo sem borð og skolvaskur.²

Á hársnyrtistofum skal ætla að minnsta kosti 5 m² gólfrymi fyrir hvern stól.³ Jafnframt skal vera til staðar sérstakur vaskur til hárpvotta og sérstakur vaskur til blöndunar efna.⁴

¹ Rg. 903/2024, 32. gr. og 33. gr.

² Rg. 903/2024, 32. gr.

³ Rg. 903/2024, 33. gr.

⁴ Rg. 903/2024, 33. gr.

Viðskiptavinir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Aldrei skulu fleiri en 25 viðskiptavinir vera um hverja snyrtingu. Eftirlitsaðili getur gert ítarlegri kröfur vegnar smitgátar, svo sem um aðstöðu til að skipta um föt.⁵

Baðaðstaða skal vera til staðar á sólbaðsstofum.⁶ Að öðru leyti skal baðaðstaða vera til staðar fyrir viðskiptavini þar sem við á.⁷

3 Sérstakt hreinlæti

Ítrasta hreinlæti skal gætt í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir og húsnæði og búnaði ávallt haldið hreinu og snyrtilegu. Allsherjarhreingerning skal fara fram eftir þörfum en að minnsta kosti árlega.⁸

Starfsfólk skal gæta ítrasta hreinlæti við störf sín. Ávallt skal þvo hendur fyrir og eftir snertingu við viðskiptavin. Einnota hanskar skulu notaðir þar sem við á.⁹

Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo eftir hvern viðskiptavin og geyma í skápum eða ílátum.¹⁰

4 Smitgát og sóttvarnir

Hrein og sóttgreinsuð áhöld og búnaður skal notaður fyrir hvern viðskiptavin. Nota skal einnota áhöld og búnað þar sem því verður við komið.¹¹

Ávallt skal hreinsa og sóttgreinsa tæki, áhöld og búnað svo fljótt sem auðið er eftir notkun. Hreinsun skal framkvæmd með viðeigandi efnum og aðferðum og, eftir atvikum, tækjabúnaði sem er yfirfarinn og gæðaprófaður reglulega með viðurkenndum aðferðum.¹²

Á sólbaðsstofum skulu sólbekkir og hlífðarglæraugu þrífir eftir hverja notkun.¹³

Fylgja skal notkunarleiðbeiningum á umbúðum sóttgreinsivara til að tryggja fulla og rétta virkni þeirra og að ekki hljótist af þeim skaði. Sóttgreinsivörur skulu uppfylla kröfur reglugerðar um sæfivörur.¹⁴

⁵ Rg. 903/2024, 32. gr.

⁶ Rg. 903/2024, 33. gr.

⁷ Rg. 903/2024, 32. gr.

⁸ Rg. 903/2024, 32. gr.

⁹ Rg. 903/2024, 32. gr.

¹⁰ Rg. 903/2024, 32. gr.

¹¹ Rg. 903/2024, 32. gr.

¹² Rg. 903/2024, 32. gr.

¹³ Rg. 903/2024, 32. gr., 33. gr.

¹⁴ Rg. nr. 878/2014.

5 Sérstakur úrgangur

Rekstraraðili skal tryggja að úrgangur sem fellur til við starfsemina og getur hugsanlega skorið eða stungið sé meðhöldaður á viðunandi hátt og fargað í samræmi við ákvæði reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.¹⁵

6 Öryggi

Gæta skal þess að notkun efna- og snyrtivara í starfseminni sé ávallt í samræmi við notkunarleiðbeiningar. Á hársnyrtistofum skal fara eftir notkunarleiðbeiningum með hárlitunarefnum.¹⁶ Ekki er mælt með notkun hárlitunarvara í hár barna og unglunga undir 16 ára.

Þar sem við á skal viðskiptavinum séð fyrir viðeigandi persónuhlífum.¹⁷ Á sólbaðsstofum skulu hlífðargleraugu vera aðgengileg fyrir viðskiptavini.¹⁸

Á sólbaðsstofum skulu ljósabekkir og sólarlampar þannig staðsettir og varðir að aðrir en þeir sem nota bekkina verði ekki fyrir geislun.¹⁹

Einstaklingum undir 18 ára aldri er óheimil afnot af ljósabekkjum og sólarlömpum í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum.²⁰

Á sólbaðsstofum skal hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um notkun ljósabekkja og sólarlampa, þar með talið þær reglur sem gilda um lágmarksaldur notenda. Að öðru leyti skal fylgja kröfum Geislavarna ríkisins um ljósabekki og ljósaperur, svo og upplýsingum og aðvörðunum embættis landlæknis til viðskiptavina.²¹

¹⁵ Rg. 903/2024, 32. gr. og rg. 803/2023.

¹⁶ Rg. 577/2013.

¹⁷ Rg. 903/2024, 13. gr.

¹⁸ Rg. 903/2024, 13. gr., 33. gr.

¹⁹ Rg. 903/2024, 33. gr.

²⁰ Rg. 903/2024, 13. gr., 33. gr.

²¹ Rg. 903/2024, 33. gr.